

Tillaga að REKSTRARLEYFI

Með vísan til III. kafla laga nr. 71/2008 um fiskeldi veitir Matvælastofnun
hér með rekstrarleyfi til neðangreinds.

Leyfishafi: Samherji fiskeldi ehf.
Kennitala: 610406-1060
Aðsetur: Glerárgötu 30
600 Akureyri
Starfsstöð: Stóru-Vatnsleysu
190 Vogar
Rekstrarleyfisnúmer: FE-1154
Leyfið gildir til: xx.xx.2036

Starfsemi:

AE 1 - Lax / Salmo Salar

AE 2 - Bleikja / Salvelinus alpinus

AE 3 - Regnbogasilungur / Oncorhynchus mykiss

Í gildi frá:

xx.xx.2020

xx.xx.2020

xx.xx.2020

Landeldi. Hámarkslífmassi 1.600 t. Matfiskeldi. Lax: SAGA stofn.

Bleikja: Hólar. Regnbogasilungur: Danmörk.

Á gildistíma leyfisins skal fara fram vöktun og rannsóknir af hálfu rekstrarleyfishafa til að meta vistfræðileg
áhrif á nánasta umhverfi eldisstöðvarinnar.

Varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski skulu vera
skráðar og aðgengilegar hjá eldisaðila, og áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur.
Leyfishafi skal sjá til þess að viðbragðsáætlun vegna slyasleppinga sé staðsett á eldissvæðinu og kynna
starfsmönnum hana. Rekstrarleyfishafi sem missir fisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna slíkan atburð
til Fiskistofu, Matvælastofnunar, sveitarfélaga og næstu veiðifélaga.

Rekstrarleyfishafi ber skyldu til að halda skrá yfir uppruna eldislaxa, sem byggir á gangagrunni um
erfðaeefni hjá framleiðanda hroga.

Leyfið er bundið við ofanskráða kennitölu, starfsemi og eldissvæði. Leyfishafi skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum og reglugerðum. Óheimilt er að hefja aðra starfsemi en leyfið nær til, nema að fengnu samþykki Matvælastofnunar.

Gildistaka rekstrarleyfis er háð úttekt Matvælastofnunar. Gildistaka rekstrarleyfis fiskeldisstöðva á landi er háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur.

Leyfi þetta er gefið út skv. reglugerð nr. 1254/2008 (sem innleiðir tilskipun 2006/88/EB) um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum og ber rekstrarleyfishafa að uppfylla ákvæði reglugerðarinnar.

Rekstrarleyfið er háð skilyrðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerða og annarra stjórnvaldsreglna, sem kunna að verða settar á grundvelli laganna, sem og þeim breytingum sem kunna að vera gerðar á lögum og reglugerðum.

Erna Karen Óskarsdóttir, fagsviðsstjóri fiskeldis